



*Séra Sigríður Óladóttir jarðsyngur  
Organisti: Viðar Guðmundsson  
Einsöngur: Stefán Steinar Jónsson  
Kór: Karlar úr Kór Hólmavíkurkirkju  
Útfararþjónusta Borgarfjarðar og Stranda*

*Aðstandendur þakka innilega samúð og hlýhug  
og bjóða viðstöddum að þiggja veitingar  
í félagsheimilinu á Hólmavík að athöfn lokinni*

*Jarðsett verður í Hólmavíkurkirkjugarði*



## Guðjón Magnússon

Fæddur 24. nóvember 1932  
Dáinn 27. mars 2023



Útför frá Hólmavíkurkirkju  
laugardaginn 8. apríl 2023



## Forspil

Þótt þú langföruull legðir  
*Sigvaldi Kaldalóns*

## Bæn

Hærra, minn Guð, til þín,  
hærra til þín,  
enda þótt öll sé kross  
uppheldin mín.  
Hljóma skal harpan mín:  
∴ Hærra, minn Guð, til þín, ∴  
hærra til þín.

Sofanda sýndu þá  
sólstigans braut  
upp í þitt eilífa  
alföðurskaut.  
Hljómi svo harpan mín:  
∴ Hærra, minn Guð, til þín, ∴  
hærra til þín.

Lyfti mér langt í hæð  
lukkunnar hjól,  
hátt yfir stund og stað,  
stjörnur og sól,  
hljómi samt harpan mín:  
∴ Hærra, minn Guð, til þín, ∴  
hærra til þín.

*Lowell Mason*  
*Sarah F. Adams. Matthías Jochumsson*

## Ritningarlestur

Undir dalanna sól, við minn einfalda óð  
hef ég unað, við kyrrláta för.  
Undir dalanna sól, hef ég lifað mín ljóð,  
ég hef leitað og fundið mín svör.

Undir dalanna sól, hef ég gæfuna gist,  
stundum grátið, en oftár í fögnuði kysst.  
Undir dalanna sól á ég bú mitt og ból  
og minn bikar, minn arinn, minn svefnstað og skjól.  
*Björgvin Þ. Valdimarsson*  
*Hallgrímur Jónsson frá Ljárskógum*

## Ritningarlestur

Endalaust fellur í eilífðarsæ  
elfur vors mannlífs í stormi og blæ.  
Hvort sem að streymir hún hægt eða strangt  
hvort sem að streymir hún skammt eða langt

dagar og ár, sorgir og sár,  
vara oss við, vak þú og bið.  
Brátt er um þrjár vorar, bros vor og tár.  
Bros vor og tár séu bæn vor um frið.

Draumur um land bak við hyldýpishöf  
hjártanu þreyttu var frelsunargjöf.  
Farfugli villtum í veglausum geim,  
vitinn hinn eini er lýsti honum heim.

Út yfir höf, út yfir gröf,  
stormsins af strönd, stjarnlýstan geim,  
lífjafans hönd megi leiða þig heim,  
leiða þig heim í sín hásumarlönd.

*Charles H. Gabriel*  
*Guðmundur Böðvarsson*

## Guðspjall

## Einsöngur

**Rósin**  
*Friðrik Jónsson*  
*Guðmundur Halldórsson*

## Minningarorð

Lækkar lífdaga sól.  
Löng er orðin mín ferð.  
Fauk í faranda skjól,  
fegin hvíldinni verð.  
Guð minn, gefðu þinn frið,  
gleddu' og blessaðu þá,  
sem að lögðu mér lið.  
Ljósið kveiktu mér hjá.

*Herdís Andrésdóttir*

## Bæn - Faðir vor

Allt eins og blómstrið eina  
upp vex á sléttri grund  
fagurt með frjóvgun hreina  
fyrst um dags morgunstund,  
á snöggu augabragði  
af skorið verður fljótt,  
lit og blöð niður lagði, -  
líf mannlegt endar skjótt.

## Moldun

Ég lifi' í Jesú nafni,  
í Jesú nafni' eg dey,  
þó heilsa' og líf mér hafni,  
hræðist ég dauðann ei.  
Dauði, ég óttast eigi  
afl þitt né valdið gilt,  
í Kristi krafti' eg segi:  
Kom þú sæll, þá þú vilt.  
*Hallgrímur Pétursson*

## Blessun

## Eftirspil

**Blessuð sértu, sveitin mín**  
*Bjarni Þorsteinsson*